



# **Samantekt á fjárútlátum ríkisins til æskulýðsmála & staðan í málaflokknum**

*9.október 2012*

Sindri Snær Einarsson  
Hildur Tryggvadóttir Flóvenz  
Heiða Karen Sæbergsdóttir  
Viktor Orri Valgarðsson

Í tilefni af 1. drögum Alþingis að fjárlögum ríkisins árið 2013 telur Landssamband Æskulýðsfélaga (LÆF) fullt tilefni til að taka saman stöðuna í málefnum æskulýðsstarfs og ungs fólks á Íslandi, lagaramma utan um það starf, fjármögnun ríkisins og hvað megi betur fara í þeim efnum.

## 1. Skilgreiningar og lagarammi – Börn og ungmenni

Í 1. grein æskulýðslaga er æskulýðsstarf skilgreint sem starf fyrir börn og ungmenni, einkum á aldrinum 6-25 ára:

Tilgangur laga þessara er að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi. Með æskulýðsstarfi er átt við skipulagða félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum. Í skipulögðu æskulýðsstarfi skal hafa í huga félags-, forvarna-, uppeldis og menntunarlegt gildi þess sem miðar að því að auka mannkosti og lýðræðisvitund þátttakenda. Í öllu starfi með börnum og ungmennum skal velferð þeirra höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku. Lögin miðast við æskulýðsstarf fyrir börn og ungmenni, einkum á aldrinum 6–25 ára.

1. gr. *Æskulýðslaga*, nr. 70/2007

Í 3. gr. æskulýðslaga segir enn fremur:

Ríki og sveitarfélög í samstarfi við félög og félagasamtök á sviði æskulýðsmála **stuðla að því að ungt fólk eigi þess kost að starfa að æskulýðsmálum við sem fjölbreyttust skilyrði**. Um framlög úr ríkissjóði til starfsemi landssamtaka æskulýðsfélaga fer eftir ákvörðun Alþingis í fjárlögum. Um framlög til starfsemi svæðisbundinna æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka fer eftir samþykktum í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga.

3. gr. *Æskulýðslaga*, nr. 70/2007

Því er vert að skoða hver staðan í málaflokknum er eftir fyrstu drög að fjárlagafrumvarpi og hvort fjármögnun hans sé í samræmi við æskulýðslög og þá sérstaklega 3. grein þeirra, hvort íslensk stjórnvöld séu að sinna lögbundnu hlutverki sínu við að stuðla að æskulýðsstarfsemi ungs fólks á fullnægjandi hátt.

Athuga ber að í lögunum eru „börn og ungmenni“ sett undir sama hatt og aldurshópin 6-25 ára í æskulýðslögum, en ekki gerður frekari greinarmunur á þessum hópum. Vert er að bera þá skilgreiningu á hugtakinu „æska“ saman við alþjóðlegar skilgreiningar á hugtakinu „youth“, sem m.a. má finna í drögum að skýrslu evrópskrar ráðgjafarnefndar um æskulýðsrannsóknir.

Við tölfræðilega úrvinnslu Sameinuðu þjóðanna er hugtakið „youth“ skilgreint sem fólk 15-24 ára.<sup>1</sup> Þar sem algengt er að mannfjöldatölur séu birtar í fimm ára aldursbilum má telja líklegt að þessi skilgreining komi að hluta til vegna tölfræðilegs hægðarauka til viðbótar við þroska og stöðu þeirra sem aldursbilið nær til.

Í skýrslu Evrópusambandsins er fullyrt að ekki sé til staðar ótvíræð skilgreining á

<sup>1</sup> Sjá dæmi <http://data.un.org/Data.aspx?d=MDG&f=seriesRowID%3A597>

hugtakinu, þar sem tilgreind geti verið efri og neðri aldursmörk. Í skýrslunni er m.a. stuðst við þá skilgreiningu að „youth“ sé „ferlið á milli ósjálfráða barnsku og sjálfráða, fullþroska manneskju“<sup>2</sup>

Því virðist ljóst að alþjóðlega hugtakið „youth“, sem hingað til hefur verið þýtt sem „æska“ á Íslandi, vísi til ungmenna, á meðan „childhood“ vísar til barnsku, og eru mörkin milli þessara hópa dreginn um 15-16 ára aldurinn. Hér á landi er hins vegar enginn slíkur greinarmunur gerður á skilgreiningum, starfi eða styrkjum til barna annars vegar – og ungmenna hins vegar.

## Til hvers að gera greinarmun á börnum og ungmennum?

LÆF telur að aðskilja verði umræðu um og starf með börnum annars vegar og ungmennum hins vegar – til þess að lög, reglugerðir og fjármögnun í málaflokki æskulýðsstarfs endurspegli betur raunveruleika barna og ungmenna út frá þörfum hvors hóps fyrir sig.

Rannsóknir á högum ungmenna, sem Evrópusambandið vann fyrir gerð Hvítbókar í málefnum ungmennaárið 2001, sýna að sá heimur sem blasir við ungmennum í dag er flóknari en áður og að fólk er t.d. seinna til að ljúka námi, hefja starfsferil og stofna til fjölskyldu. Því leggur Hvítbók í málefnum evrópskra ungmenna (15 til 25 ára) til að áhersla sé lögð á fjóra þætti:

1. Þátttöku
2. Upplýsingar
3. Sjálfböðaliðastörf
4. Frekari skilning á högum ungmenna

Hvítbókin leggur enn fremur til að málefni ungmenna ætti að innleiða betur inn í umræðu um stefnumótun sem snertir ungt fólk; um nám, starfsþjálfun, atvinnu, félagslega þátttöku, heilsu og baráttu gegn mismunun.

Það ríkir því mikill skilningur á alþjóðavettvangi á brýnni nauðsyn þess að styðja sérstaklega við ungmenni og viðfangsefni þeirra til að þau geti orðið virkari og ánægðari samfélagsþegnar. Til að það takist verður ungt fólk að vera skilgreint innan ramma sem mætir þeirra þörfum.

“[Því þ]rátt fyrir ólíkar aðstæður (varðandi atvinnumál, menntamál, fjölskylduhagi, tekjur, o.s.frv.) lítur ungt fólk á sig sem fullgilda þjóðfélagsþegna með öllum þeim skyldum og réttindum sem því fylgir. Fjárfesting í ungmennum er fjárfesting í auði samfélagsins”<sup>3</sup>

Rannsóknirnar í kringum útgáfu Hvítbókarinnar sýna að ungt fólk í Evrópu hefur mikinn áhuga á að hlúa að lýðræðinu. Þó er vantraust til opinberra stofnanna mikið og áhugi ungs fólks til að

---

<sup>2</sup> *There is no clear-cut definition of youth. The period of when a person is seen as young may be considered a transition phase. Youth has been defined as “the passage from a dependant childhood to independent adulthood” (Youth report final, 2009)*

<sup>3</sup> Hvítbók framkvæmdarstjórnar ESB (2001). *Ný sókn í málefnum Evrópskra ungmenna.*

taka þátt í hefðbundnum stjórn málaöflum minni en áður. Því eru skoðanir ungmenna ekki eins áberandi í umræðum og ákvarðanatökum hins opinbera. Félagasamtök ungmenna finna fyrir þessu áhrifaleysi og gera sér grein fyrir því að þörf er á breytingum.

Það er hlutverk valdhafanna að brúa það bil sem myndast hefur á milli áhugasamra ungmenna og stjórnkerfisins. Verði það ekki gert getur það haft slævandi áhrif á þegnskap almennings og jafnvel leitt til mótmæla.

## 2. Áhrif æskulýðsstarfs á samfélagið

Áhrif æskulýðsstarfs með ungu fólki er hægt að skoða út frá tveimur sjónarhornum. Annars vegar út frá *einstaklingnum* og hinsvegar út frá *samfélagslegum áhrifum þess*.

- **Einstaklingsáhrif:** Þátttaka ungs fólks í æskulýðsstarfi eykur færni þess og hæfni, stuðlar að lýðræðisvitund, eykur skilning þess á samfélaginu, eflir félagsfærni, styrkir sjálfstraust, kennir samvinnu og sýnir mátt samstöðu. Betra sýnishorn af skilvirkri og gagnlegri óformlegri menntun væri erfitt að finna. Æskulýðsstarfið vinnur gegn félagslegri einangrun þar sem það gefur vettvang til að stunda félagslíf við hæfi og vera hluti af hóp þar sem hver og einn skiptir máli. Æskulýðsstarf býður upp á fjölbreyttar áskoranir og tækifæri fyrir fólk að láta til sín taka og þroskast sem einstaklingar.
- **Samfélagsleg áhrif** Æskulýðsstarf hvetur ungt fólk til að taka þátt og hafa áhrif á fleiri sviðum en innan sinna samtaka og ýtir undir samvinnu á milli kynslóða. Það eflir samfélagslega virkni sem styrkir samfélagið til muna. Félagsauður eykst og atvinnuhæfi ungs fólks sömuleiðis. Í gegnum æskulýðsstarfið öðlast það dýrmæta reynslu og þekkingu sem getur síðar nýst á almennum vinnumarkaði. Æskulýðsstarf er því í raun góður undirbúningur og veitir góðan grunn fyrir frekari samfélagslega þátttöku. Þar fyrir utan stuðlar það að heilbrigðum lífsstíl, leysir frumkvæðiskrafta ungs fólks úr læðingi og styður við samfélagslega þróun.

European Youth Forum (2012). *Working document on National Youth Councils*.

## 3. Heildarsamtök í æskulýðsmálum á Íslandi

Heildarsamtök í æskulýðsmálum á Íslandi eru tvö. *Landssamband æskulýðsfélaga* og *Æskulýðsvettvangurinn*.

**Landssamband æskulýðsfélaga (LÆF)** var stofnað árið 2005 og hefur fjórþætt hlutverk:

1. *Að vera fulltrúi og málsvari ungs fólks gagnvart íslenskum stjórnvöldum*
2. *Að vera samráðs- og samstarfsvettvangur fyrir íslensk æskulýðsfélög*
3. *Að vera fulltrúar íslenskra ungmenna í ýmsu erlendu samstarfi*
4. *Að vera í forystu í umræðu um æskulýðsmál*

Fulla aðild að LÆF geta fengið þau æskulýðsfélög sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

<sup>4</sup> Hvítbók framkvæmdarstjórnar ESB (2001). *Ný sókn í málefnum Evrópskra ungmenna*.

- Eru viðurkennd landssamtök æskulýðsfólks, eða starfa fyrir ungt fólk
- Eru lýðræðisleg, frjáls og sjálfstætt starfandi félög
- Meginþungi starfseminnar er æskulýðsstarf fyrir börn og/eða ungt fólk og málefni þeirra
- Félög geta ekki verið með tvöfalda aðild, þ.e. verið aðildarfélag LÆF en einnig aðildarfélag annars félags sem einnig er aðildarfélag LÆF
- Ef æskulýðsstarfið er hluti af víðtækari starfsemi þarf aðildarfélagið að vera sérstök æskulýðsdeild sem er með sjálfstæða ákvarðanatöku í eigin málum óháð meginfélaginu
- Mismuna ekki fólki vegna kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, aldurs eða stöðu
- Starfa vilja samkvæmt lögum LÆF

Þá er LÆF viðurkennt aðildarfélag European Youth Forum (YFJ), sem eru regnhlífarsamtök landssamtaka æskulýðsfélaga í Evrópu og félaga ungs fólk sem starfa í Evrópu, en aðeins ein landssamtök æskulýðsfélaga í hverju landi geta fengið inngöngu í YFJ.

Fjármunir félagsins hafa aldrei verið tryggðir og fara að jafnaði 3 mánuðir af starfi félagsins á ári í að tryggja fjármögnun félagsins fyrir næsta ár. Megnið af þeirri vinnu er unnin af sjálfbóðaliðum sem gegna trúnaðarstöðum í stjórn félagsins. Félagið hlaut 6,4 milljón króna framlag frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu fyrir starfsárið 2012. Aðildarfélög LÆF eru orðin 24 og fer fjölgandi ár frá ári. Starf aðildarfélaga LÆF miðar helst að ungu fólki á aldrinum 13 til 30 ára.

**Æskulýðsvettvangurinn** var stofnaður árið 2007. Stofnfélögin eru þrjú: Bandalag Skáta, KFUM og KFUK og UMFÍ. Nokkru síðar gekk ungmennastarf Landsbjargar sömuleiðis inn í Æskulýðsvettvanginn. Markmið Æskulýðsvettvangsins er að stuðla að samræðu og samstarfi aðildarfélaganna á sviði leiðtogaþjálfunar, fræðslumála, útbreiðslu og kynningu, sem og á öðrum sviðum eftir því sem þurfa þykir. Aðild að Æskulýðsvettvanginum geta þau æskulýðsfélög fengið sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Eru viðurkennd landssamtök æskulýðsfélaga sem starfa fyrir ungt fólk alls staðar af landinu og starfa með börnum og ungmennum í tómsundum
- Eru lýðræðisleg og frjáls félagasamtök (Non Governmental Organisations, NGO)


Aðildarfélög Æskulýðsvettvangsins hafa um 90% af því fjármagni sem rennur til málaflokksins samkvæmt 1.drögum frjálagarfúmvarps fyrir árið 2013. Starf Æskulýðsvettvangsins miðar einna helst að börnum og íþróttastarfi.

#### 4. Útgjöld og styrkir ríkisins til æskulýðsmála

Samkvæmt 1. drögum að fjárlagafrumvarpi ársins 2013 er gert ráð fyrir 179 milljóna kr. útgjöldum til „æskulýðsmála“, án þess að þar sé gerður greinarmunur á starfsemi með ungu fólki og starfsemi með börnum.


Skiptingu fjármuna þeirra til einstakra liða og félaga má hins vegar sjá í meðfylgjandi gröfum. Athuga verður einnig að sveitarfélög deila talsverðu fjármagni til æskulýðsmála, m.a. með styrkjum til æskulýðsfélaga og með því að veita þjónustu til barna og ungs fólks í gegnum t.d. félagsmiðstöðvar. Að auki veitir Evrópusambandið talsverða fjármuni til málaflokksins í gegnum Evrópu unga fólksins<sup>5</sup> eða 1.400.000 evrum (rúmlega 225 milljónum) fyrir árið 2012. Evrópa unga fólksins veitir þó aðeins staka verkefnastyrki, sem er dýrmæt viðbót en tryggir ekki rekstrargrundvöll æskulýðsfélaga.

„Æskulýðskakan 2013“ sýnir hlutfallslega skiptingu fjármuna á milli aðila í 1. drögum fjárlaga frumvarps 2013




Þróun á útgjöldum ríkisins til æskulýðsmála frá 1998 til draga að fjárlögum 2013

<sup>5</sup> **Evrópa unga fólksins** er íslenska heitið á Ungmennaáætlun Evrópusambandsins, Youth in Action, og er samstarfsverkefni ESB, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og UMFÍ. Áætlunin veitir styrki fyrir ungt fólk á aldrinum 13-30 ára og þá sem starfa með ungu fólki.




Veruleg aukning hefur verið á útgjöldum til málaflokksins á undanförunum árum eins og glögg má sjá í grafinu hér að ofan. Þá er athyglisvert að skoða hlutfallslega þróun; þar sem hlutfallslega hefur Ungmennafélag Íslands (sem sinnir að mestu leyti íþróttastarfi og starfi með börnum) tekið stærri og stærri sneið af kökunni, eins og grafið hér að neðan sýnir.

### Þróun á hlutfallslegri skiptingu frá 1998 til 1. draga 2013



## Hlutfall styrkja skipt eftir aldurshópum frá 2002 til 2012

### Hlutfallsleg skipting fjármagns á milli starfsemi með börnum annars vegar og ungu fólki hinsvegar árin 2002 til 2012




Taka verður þessu grafi með fyrirvara vegna þess að sú flokkun sem það byggir á er ekki óumdeild

Sé útgjöldum í fjárlögum á tímabilinu 2002 til 2012 skipt gróflega upp í eftirfarandi þrjá liði; Starf á vegum ríkisins, starf með börnum (6-18 ára) og starf með ungu fólki (15-25 ára), fæst út mynd sem sýnir að félagasamtök sem starfa að mestu með börnum en lítið með ungu fólki hafa fengið tæp 85% af öllu fjármagni sem runnið hefur til málaflokksins síðastliðin 10 ár<sup>6</sup>.

## Hlutfall styrkja skipt eftir aldurshópum í 1. drögum að fjárlögum 2013.

### Hlutfallsleg skipting fjármagns á milli starfsemi með börnum annars vegar og ungu fólki hinsvegar. 1.drög fjárlagafrumvarps 2013



Taka verður þessu grafi með fyrirvara vegna þess að sú flokkun sem það byggir á er ekki óumdeild

<sup>6</sup>Á vegum ríkisins = Æskulýðsráð ríkisins, Æskulýðsrannsóknir og Æskulýðssjóður


Starfsemi með börnum = Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Útillífsmiðstöð skáta Úlfjótsvatni, Landssamband KFUM og KFUK, Æskulýðsmiðstöð KFUM í Vatnaskógi

Starfsemi með ungu fólki= liðurinn „Æskulýðsmál“



Ef sama flokkun er notuð til að greina útgjöld skv. 1. drögum að fjárlagafrumvarpi ríkisins 2013 þá hefur liðurinn „Æskulýðsmál“, sem var í raun sá liður sem æskulýðsfélög reiddu sig á til að sækja sér fjármagn til reksturs fyrir árið 2012, horfið og fjármagn til hans verið fært undir liðinn Æskulýðssjóð. Úthlutunarreglur æskulýðssjóðs eru hins vegar þröngt skilgreindar og ekki er hægt að sækja um fé fyrir árleg verkefni og rekstur æskulýðssamtaka í sjóðinn.<sup>7</sup>

## Tengsl fjárúthlutana við þátttöku í félögum



**Mynd 5** Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk frá 2000 til 2012 sem stunda skátastarf, ungliðastarf björgunarsveitanna, KFUM eða KFUK, æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar og æskulýðsstarf annarra trúfélaga, vikulega eða oftár.

Erfitt er að greina tengsl fjárútláta við þátttöku vegna skorts á gögnum um þátttökutölur. Þó er regluleg þátttaka hjá Skátum, Ungliðastarfi björgunarsveitanna, KFUM og KFUK, æskulýðsstarfi þjóðkirkjunnar og æskulýðsstarf annarra trúfélaga reglulega mæld í rannsókninni “Ungt fólk” fyrir 8., 9. og 10. bekk í grunnskóla, þar sem þeir mælast með 1 til 5 prósent þátttöku sem farið hefur dvínandi síðustu ár, þrátt fyrir aukin útgjöld til félaganna.

## 5. Samantekt – Fjársvelt ungmennastarf og óvissa í rekstri LÆF

Lagarammi og skilgreiningar utan um málefni æskulýðsstarfs á Íslandi hafa frá upphafi verið óljósar og í litlu samræmi við alþjóðlegar skilgreiningar. Hér á landi hefur hugtakið „æska“ verið

<sup>7</sup> Hlutverk Æskulýðssjóðs er að styrkja eftirtalin verkefni á vegum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka:

1. Sérstök verkefni sem unnin eru fyrir börn og ungmenni og/eða með virkri þátttöku þeirra.
2. Þjálfun forustufólks, leiðbeinenda og sjálfbóaliða.
3. Nýjungar og þróunarverkefni.
4. Samstarfsverkefni æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka.

1. mgr. 9. gr. Æskulýðslaga, nr. 70/2007

Hvorki er heimilt að styrkja árvissa eða fasta viðburði í félagsstarfi, svo sem t.d. þing, mót eða þess háttar viðburði né ferðir hópa.

2. mgr. 1. gr. Reglugerðar um Æskulýðssjóð, nr. 60/2008

notað um börn og ungmenni án aðgreiningar og jöfnum höndum við enska hugtakið „youth“, sem vísar þó að mestu til ungmenna.

Þegar afleiðingar af þessum ófullkomna lagaramma og ruglingi í skilgreiningum eru skoðaðar í kjölinn, kemur í ljós að starfsemi með ungmennum hefur farið verulega varhluta af stuðningi ríkisins, fjármögnun í fjárlögum og rekstrargrundvelli öllum frá upphafi.

Um 85% af öllum fjárstuðningi ríkisins við æskulýðsstarf síðasta áratug hefur farið til félaga og starfsemi sem starfa að mestu eða öllu leyti með börnum á meðan félög sem starfa með ungmennum hafa barist í bökkum.

Í 1. drögum að fjárlagafrumvarpi 2013 hefur nú auk þess verið lokað á allar leið LÆF til að sækja sér fjármagn til rekstrar, að undanskildum rekstrarstyrkjum sem renna að 86% hluta til Skáta, KFUM & K og UMFÍ. Hin 14% renna til annarra skilgreindra verkefna ríkisins.

Því er nú svo komið að LÆF, landssamtök æskulýðsfélaga sem flest starfa með ungmennum, stendur frammi fyrir algerrri óvissu varðandi rekstur sinn á komandi starfsári, þar sem búið er að loka á allar mögulegar fjármögnunarleiðir félagsins fyrir rekstri skrifstofu. Þá vill félagið ekki fara í samkeppni við aðildarfélög sín um þá litlu fjármuni sem standa þeim til boða fyrir einstökum verkefnum.

Aðildarfélög LÆF hafa lýst miklum áhyggjum yfir því að þurfa að draga úr starfsemi sinni og jafnvel leggja niður skrifstofur félaganna á næstu árum, haldi þróunin áfram líkt og lýst hefur verið hér að ofan. Það sama á við um LÆF sjálf; ef ekki verður gripið inn í þessa þróun mun félagið þurfa að loka skrifstofu sinni og við það mundi tapast sá mikli félagsauður og sú reynsla og samstarfsvettvangur sem þar hefur myndast undanfarin 7 ár.

Æskulýðsstarf er gríðarmikið og dýrmætt, þó erfitt sé að mæla ábata þess á nákvæman hátt skilar starfið sér bæði til einstaklingsins og samfélagsins í heild. Ljóst er að ekki ríkir ágreiningur um gildi æskulýðsstarfs en mikilvægt er að gera sér grein fyrir áhættunni sem felst í núverandi fjárlagafrumvarpi. Ungt fólk hefur sterka sjálfsbjargarviðleitni og er úrræðagott en ekki er hægt að neita því að fjármunirnir skipta máli; með þeim eru hlutirnir gerðir mögulegir og án þeirra er ekki hægt að standa að jafn gefandi, öflugum eða stöðugu starfi. Með því að skera á fjármagnið er fótunum kippt undan starfinu og hætt við því að allur fyrri árangur og reynsla tapist. Tjónið er því óbærilegt til lengri tíma litið.

Þessi fyrstu drög að fjárlagafrumvarpi ríkisins 2013 endurspeglar þá óreiðu sem einkennt hefur málaflokk æskulýðsstarfsemi undanfarin ár. Óvissan og ósamræmið skín í gegn og ljóst er að brýn þörf er á heildstæðum lagabálk, faglega útbúnum skilgreiningum og skýrri stefnu í málaflokknum sem gerir greinarmun á starfi með börnum og ungmennum og styður við hvoru tveggja á fullnægjandi og sanngjarnan hátt.

Því krefst Landssamband æskulýðsfélaga þess að stjórnvöld sporni við þeirri þróun sem lýst hefur verið og endurskoði sína stefnu verulega, með það að leiðarljósi að jafna stöðu æskulýðsfélaga og tryggja ungu fólki tilverugrundvöll í félagslegu starfi. Fyrir hönd ungmenna í landinu og þeirra félagasamtaka sem með þeim starfa gerum við þá kröfu að íslensk stjórnvöld gæti jafnræðis við fjárstyrki til landssamtaka æskulýðsfélaga og hugi verulega að stöðu ungs fólks í landinu og áhrifum fjárlaga ársins 2013 á þá stöðu.

## 7. Heimildaskrá

Fjárlög frá 1998 til 2013

European Youth Forum (2012). *Working document on National Youth Councils*. Óútgefið.

Hvítbók framkvæmdarstjórnar ESB (2001). *Ný sókn í málefnum Evrópskra ungmenna*.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2012). *Ungt fólk 2012. 8. 9. og 10. bekkur*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Rannsóknarnefnd um æskulýðsrannsóknir (2012). *Skýrsla rannsóknarnefndar um æskulýðsrannsóknir*. Óbirt skýrsla.

*Reglugerð um Æskulýðssjóð*, nr. 60/2008

*Æskulýðslög*, nr. 70/2007